

Fjarkennsla á Hugvísindasviði

HUGVÍSINDASVIÐ

www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Málþing um fjarkennslu og fjarnám
Öskju, 6. mars 2009

Eiríkur Rögnvaldsson

Upphaf fjarkennslu á Hugvísindasviði

- Fjarkennsla í íslensku hófst haustið 1999
 - í tengslum við símenntunarmiðstöðvar
 - nemendur í upphafi 8-10, allir úti á landi
- Tvö námskeið fyrsta misserið
 - annað í fjarfundabúnaði, hitt eingöngu á netinu
- Sérstakur styrkur fékkst frá rektor
 - til að hefja fjarkennslu, og fyrstu 2-3 árin

Fjarkennslan fyrstu árin

- Upphaflega stóð til að bjóða diplómanám
 - þegar á fyrsta ári breytt yfir í BA-nám
- Lengst af aðeins fá námskeið í boði árlega
 - helmingur kjarna og nokkur valnámskeið
- Fjarnemar voru því á hálfum hraða í námi
 - allnokkrir hafa þó lokið BA-prófi í fjarnámi
- Fjarkennslan var bylting fyrir landsbyggðina
 - einkum konur – jafnréttismál!



Álit nefndar heimspekideildar 2004

- **Markmið:** Að unnt verði að taka í fjarnámi allar stærstu greinar heimspekideildar til a.m.k. 60 [120] eininga (íslensku, sagnfræði, ensku, heimspeki, almenna bókmenntafræði).
- **Markhópur:** Annars vegar fólk utan Reykjavíkursvæðisins (þ. á m. erlendis); hins vegar fólk á Reykjavíkursvæðinu sem ekki getur sótt venjulega kennslu vegna vinnu eða annars.
- **Framboð:** Miðað við u.þ.b. hálfan námshraða, þannig að BA-nám taki 5-6 ár. Yfirleitt verði námskeið ekki haldin nema annað hvert ár, og námsframboð skipulagt 2-3 ár fram í tímann.
- **Kennsluaðferðir:** Efni á neti, umræðuþræðir, upptökur fyrirlestra (hljóð- eða myndbands-upptökur), talglærur, spjallrásir, fjarfundir, staðbundnar lotur – allt eftir viðfangsefni hverju sinni.
- **Greiðslur:** Sérstök greiðsla í upphafi (t.d. 120 stundir á námskeið); síðan einn reikniflokkur (40 stundir) ofan á grunnmat námskeiðs en tveir flokkar ef fjarnemar þurfa verulega sérþjónustu (s.s. umræðutíma).
- **Fjármögnun:** Sérstakt framlag til skorar í upphafi; úr þróunarsjóði rektors, Kennslumála-sjóði eða annars staðar að. Síðan fjármagnað með greiðslu fyrir þreyttar einingar.

Fjarnám á Hugvísindasviði undanfarið

- Íslenska
 - öll kjarnanámskeið og mörg valnámskeið
- Enska
 - öll fyrsta árs námskeið
- Sagnfræði
 - einstök námskeið nokkrum sinnum
- Almenn bókmenntafræði
 - námskeið sem eru skylda í íslensku

Breyttir kennsluhættir

- Kennsluhættir hafa breyst
 - fjarfundir að mestu aflagðir
- Nú er mest byggt á upptökum
 - áður með myndavél í umsjá Kennslumiðstöðvar
 - nú með e-mission í umsjá kennara
- Fyrir 10 árum var sáralítið efni á netinu
 - nú er stór hluti efnis í flestum námskeiðum á neti
 - samnýting því auðveldari

Stefna Háskóla Íslands 2006-2011

- Í *Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011* segir:
 - „Háskólinn móti sér skýra stefnu um fjarkennslu fyrir árslok 2007. Fjarkennsla verði eflð í völdum greinum.“
- Starfshópur skipaður vorið 2006
 - „til að undirbúa drög að stefnu Háskólans um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og um framboð og framkvæmd fjarnáms“

Úr tillögum starfshópsins, vor 2007

- **Taka verður tillit til fjarkennslu í skiptingu fjár innan Háskólans og umbuna kennurum fyrir aukavinnu við að sinna fjarnemum.**
 - Þrátt fyrir samkenndu felst oft veruleg aukavinna kennara í því að sinna fjarnemum, s.s. á umræðuþráðum, í tölvupósti og með símtölum, og er nauðsynlegt að taka tillit til þessa í vinnustundamati námskeiða. Kostnaður deilda við hverja þreytta einingu fjarnema er því meiri en hjá staðnemum. Við þessu má t.d. bregðast innan deililíkansins með því að hækka reikniflokk þeirra námsleiða sem bjóða fjarkennslu. Einnig er eðlilegt að grein sem fer af stað með fjarnám fái sérstakt framlag í upphafi til undirbúnings og skipulagningar.

Samningur HÍ og mrn. í janúar 2007

- Að styrkja grundvöll kennslu, rannsókna og fræðiiðkana í landinu öllu og byggja með skipulegum hætti upp starfsemi sem miðar að því að nýta, afla og miðla þekkingu á landsbyggðinni. Efla skal sérstaklega samstarf við fræða- og þekkingarsetur á landsbyggðinni.
- Að háskólastarfsemi þjóni því markmiði að efla og rækta íslenska menningu, íslenska tungu og menningararf.

Fjarkennsla aukin haustið 2007

- Íslenskuskor treysti á stefnu og samning um
 - aukna áherslu HÍ á fjarkennslu
 - samvinnu við fræða- og þekkingarsetur
 - eflingu íslenskrar tungu og menningararfs
- Því var ákveðið að auka fjarkennslu talsvert
 - 2007-2008 voru um 20 námskeið í fjarkennslu
 - öll kjarnanámskeið og flest valnámskeið
 - stór hluti nemenda af höfuðborgarsvæði



Dregið úr fjarkennslu haustið 2008

- Vonir um áherslu á fjarkennslu brugðust
 - álit starfshóps frá 2007 var lagt í salt
 - ekkert tillit tekið til fjarkennslu í fjárveitingum
- Óánægja hjá kennurum og nemendum
 - fjarkennslan verkaði hamlandi á kennsluna
 - upptökur drógu úr tímasókn
- Íslenska hefur því dregið mjög úr fjarkennslu
 - aðeins fáein námskeið nú í vetur



Úr bréfi til rektors, 31. mars 2008

- Alger samtvinnun fjar- og staðkennslu er ekki raunhæf, heldur er nauðsynlegt að sinna hvorum hóp um sig sérstaklega að einhverju leyti.
- Ef standa á sómasamlega að fjarkennslu fylgir henni veruleg aukavinna, bæði í samskiptum við nemendur og sérstökum tímum fyrir fjarnema.
- Íslenskuskor fær ekkert fé vegna aukakostnaðar við fjarkennslu (umfram greiðslu fyrir þreyttar einingar).
- Kennarar fá engar greiðslur fyrir aukavinnu sína við fjarkennslu, öfugt við kennara í Kennaraháskóla Íslands t.d.
- Skorin telur ekki verjandi að reka fjarkennslu sem ekki er hægt að sinna sómasamlega.
- Skorin telur ekki verjandi að ætlast til að kennarar sinni fjarkennslu í sjálfboðavinnu.
- Þess vegna er óhjákvæmilegt að draga verulega úr fjarkennslu og hætta að taka við nýjum fjarnemum.



Nauðsynlegar aðgerðir

- Nauðsynlegt er að hækka vinnustundamat fjarkenndra námskeiða
 - til að gera kennurum kleift að sinna bæði fjarnemum og staðnemunum sérstaklega
- 25% hækkun, u.þ.b. 1000 stundir á ári
 - 250 stundir í kjarnanámskeiðum og 250 stundir í valnámskeiðum á hvoru misseri
- Kostnaður: 3-4 milljónir á ári

Framtíð fjarkennslu á Hugvísindasviði

- Sviðið hefur ekki mótað fjarkennslustefnu
 - en umræða er hafin í sviðsstjórn
- Fjarkennsla er byggða- og jafnréttismál
 - sem þjóðskóla eins og HÍ ber að sinna
- Ekki er vilji á sviðinu til algerrar samnýtingar
 - á fjarkennslu og staðkennslu
- Því verður fjarkennsla tæpast aukin
 - nema auknar fjárveitingar komi til

Þökk fyrir áheyrnina.

eirikur@hi.is

